



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### Fréttatilkynning frá Samhæfingarstöðinni

Dags: 13.02.2015

Kl.: 11:45

Varðar: Breytt umfang aðgangsstýrða svæðisins norðan Vatnajökuls.

Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, lögreglustjórinn á Austurlandi og lögreglustjórinn á Suðurlandi hafa tekið ákvörðun (með tilvísun í 23.gr. í lögum 82/2008 um almannavarnir) um að breyta umfangi aðgangsstýrða svæðisins norðan Vatnajökuls. Ákvörðunin er tekin í samráði við Veðurstofu Íslands, Vatnajökulspjóðgarð, Umhverfisstofnun og Sóttvarnalækni.

Í lok janúar skilaði Veðurstofa Íslands nýju hættumati vegna gasdreifingar frá eldstöðinni í Holuhrauni. Forsendur fyrir nýju hættumati voru að dregið hafði úr eldgosinu frá því í október, árstíðabundin veðurskilyrði og gasmælingar sem gerðar eru reglulega við eldstöðvarnar. Líkan var keyrt miðað við veðurupplýsingar síðustu 10 ára fyrir mismunandi árstíðir og uppgefinn styrk af SO<sub>2</sub>. Hættumatið sem nú tekur gildi er miðað við veðurskilyrði fyrir febrúar til maí og verður því endurskoðað fyrir sumaraðstæður.

Gasmengun frá eldstöðinni getur enn verið mikil utan við lokunarsvæðið og eru því ytri mörk hættusvæðisins óbreytt frá fyrri ákvörðun. Enn er í gildi hættumat vegna flóða og öskufalls. Þeir sem hyggja á ferðalög innan hættusvæðisins að lokunarsvæðinu eru hvattir til þess að sýna ítrustu varfærni og vera með viðeigandi viðvörðun- og hlífðarbúnað. Auk þess er mikilvægt að kynna sér spár um dreifingu gass á vefsíðu Veðurstofunnar.

Líkön og mælingar frá því í vetur sýna að mikil mengun getur legið yfir Vatnajökul frá Flæðum, yfir Kverkfjöll og suður fyrir Norðlingalægð. Því mælast ofangreindir aðilar til þess að fólk fari ekki á gönguskíðum frá Grímsfjalli að Kverkfjöllum eða austur yfir jökulinn.

Unnið er að sérstöku hættumati vegna jökulhlaupa í Jökulsárgljúfrum og er því lokun þar enn í gildi. Auk þess er almennt hættumat vegna jarðhræringa í Bárðabungu og eldgossins í Holuhrauni í sífelldri endurskoðun og getur kallað á breytingar með litlum fyrirvara.

Um lokunarsvæðið gilda ákveðnar reglur og afmarkast af neðangreindum hnitum:

Númer	Breidd	Lengd
1	64,796	17,310
2	64,853	17,017
3	65,085	16,769
4	65,109	16,325
5	65,616	16,261
6	65,534	16,009
7	65,174	15,909
8	64,682	16,753



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNAEILD




### Lokunarsvæði og hættusvæði vegna eldgoss í Holuhrauni og jarðhræringa í Bárðarbungu

- Lokað, umferð aðeins leyfð með sérstakri heimild lögreglu
- Hættusvæði
- Akstursbann skv. reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 755/2009
- Mörk lögregluumdæma

Hnitaskrá:

Númer	Heiti	Breidd (DD°)	Lengd (DD°)
1	Kistufell	64,796	17,310
2	Flæður	64,853	17,017
3	Áskja	65,085	16,769
4	Herðubreiðartögl	65,109	16,325
5	Hrossaborg	65,616	16,261
6	Rauðafell	65,534	16,009
7	Dyngjuháls	65,174	15,909
8	Kverkfjöll	64,682	16,753

Útgáfudagur 13. febrúar 2015





# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNAEILD



Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)